

Fundargerð 9. fundar

Verkefnastjórnar hjúkrunarheimilisins að Sólvangi.

Árið 2016, fimmtudaginn 28. janúar, kl. 16:30 kom verkefnastjórn hjúkrunarheimilisins saman að Strandgötu 6, Hafnarfirði.

Fundinn sátu: Helga Ingólfssdóttir, formaður, Guðlaug Kristjánsdóttir, Elísabet Valgeirsdóttir, Gylfi Ingvarsson, Birna Ólafsdóttir, Sigurður P. Sigmundsson og Þórdís Bakkmann Kristinsdóttir.

Að auki sátu fundinn Sigurður Haraldsson, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsþjónustu og Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri fjölskylduþjónustu sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar yfirfarin og samþykkt.
2. Farið var yfir tilboð í hönnun hjúkrunarheimilisins. Þrettán tilboð bárust, sjá fylgiskjal. Afgreiðslu frestað.
3. Ráðning verkefnastjóra.
Nauðsynlegt er að fá verkefnastjóra í verkefnið til að fylgja því áfram. Verkefnastjóri hefur það hlutverk að heldur utan um hönnunina fyrir hönd sveitarfélagsins og sér til þess að allar úttektir fari fram og unnið sé samkvæmt kostnaðaráætlun. Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsþjónustu falið að koma með lýsingu á hlutverki verkefnastjóra fyrir næsta fund.
4. Umsókn í framkvæmdasjóð aldraðra.
Sviðsstjórum umhverfis- skipulagsþjónustu, fjölskylduþjónustu og stjórnslu falið að senda inn umsókn til Framkvæmdasjóðs aldraðra.
5. Farið yfir drög að bréfi til heilbrigðisráðherra vegna fjölgunar rýma í nýju hjúkrunarheimili. Bréfið verður sent í næstu viku.
6. Minnisblað frá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.
Farið yfir minnisblað frá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins þar sem greint er frá ákvörðun um að flytja starfsstöðvar heimahjúkrunar frá Sólvangi og Firði í Kópavog. Heimahjúkrun fyrir Hafnarfjörð, Kópavog og Garðabæ verður stjórnað miðlægt frá Hlíðarsmára í Kópavogi. Fundarmenn eru afar ósáttir við þessa tilhögun. Fram kom að málið verður tekið fyrir á næsta fundi fjölskylduráð.
7. Íbúafundur.
Undirbúningur fyrir íbúafund um málefni eldri borgara þann 4. feb. er í fullum gangi. Fundarmenn eru hvattir til að auglýsa fundinn sem víðast.
8. Önnur mál.
Rætt almennt um rekstur hjúkrunarheimila.

Fundi slitið kl. 18:00.

